



13. janúar 2023

Tilv.: 2212076

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
nefndasvid@althingi.is

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (fjármálaeftirlitsnefnd), 541. mál.

Með tölvupósti, dags. 16. desember 2022, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (fjármálaeftirlitsnefnd).

Seðlabankinn styður framgöngu frumvarpsins en telur rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins er lagt til að aðkoma fjármálaeftirlitsnefndar verði afmörkuð við refsikennd viðurlög og íþyngjandi stjórnarsýsluákvæðanir. Seðlabanki Íslands er sammála þeirri afmörkun á ákvörðunum fjármálaeftirlitsnefndar sem fram kemur í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Seðlabankinn gerir hins vegar athugasemd við tillögur að nýjum 2. másl. 2. mgr. 15. gr., sbr. 2. másl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Samkvæmt tillögunni skal Seðlabankinn, að teknu tilliti til lögbundinna tímafresta, gefa fjármálaeftirlitsnefnd tækifæri til að koma að ábendingum og athugasemdum áður en teknar eru ákvarðanir í eftirfarandi málum:

- a. ákvörðunum sem varða könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja sem teljast kerfislega mikilvæg,
- b. veitingu eða synjun starfsleyfis til eftirlitsskyldra aðila,
- c. afgreiðslu á tilkynningum um virka eignarhluti eftirlitsskyldra aðila,
- d. höfðun dómsmáls, áfrýjun eða kærur á niðurstöðu dómsmáls til æðri dómstóls í málefnum fjármálaeftirlits.

Flestar af þeim ákvörðunum sem þarna eru taldar upp teljast hefðbundnar eftirlitsákvæðanir, s.s. vegna könnunar- og matsferlis fjármálafyrirtækja, afgreiðslu umsókna um starfsleyfi og afgreiðslu tilkynninga um virka eignarhluti. Verður ekki annað séð en að lagt sé til að fjármálaeftirlitsnefnd komi að málsmeðferð í hefðbundnum eftirlitsverkefnum og töku ákvæðana í þeim málum en slík nálgun er ekki í samræmi við þá afmörkun sem gerð er varðandi ákvarðanir sem nefndin skal taka.

Seðlabankinn bendir á að framangreindar eftirlitsákvæðanir eru þess eðlis að rétt sé að þær lúti innra skipulagi bankans og séu teknar af þeim aðila sem ber stjórnskipulega ábyrgð á rekstri hans eða þeim aðila sem hann framselur valdið til. Þá er vart hægt að ætlast til þess að fjármálaeftirlitsnefnd, með utanaðkomandi nefndarmenn innanborðs, geti tekið þátt í málsmeðferð í málum þar sem aðdragandi ákvörðunar hefur oft verið langur, magn gagna gríðarlegt og oft nauðsynlegt að taka ákvarðanir um einstaka þætti meðan á afgreiðslu stendur. Ákvarðanir sem tilgreindar eru í liðum a.-c. í 2. másl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins eru allar þess eðlis. Auk þess er í mörgum tilvikum til staðar lögbundinn tímafrestur til að ljúka afgreiðslu máls. Til að mynda er tímafrestur fyrir virkan eignarhlut að jafnaði 60 dagar. Í þessu sambandi má geta þess að lögbundnir tímafrestir byggja alfarið á evrópsku regluverki og gera ekki ráð fyrir að nefnd, sem hittist nokkrum sinnum á ári, komi að málsmeðferð slíkra ákvarðana en slíkt gerir ferlið mun þyngra í vöfum. Hér er því nauðsynlegt að horfa til skilvirkni og hagkvæmnissjónarmiða við ákvarðanatöku, auk þess sem ætla má að slík afgreiðslumál þurfi ekki sömu aðkomu nefndarinnar og íþyngjandi ákvarðanir á borð við t.a.m. álagningu stjórnvaldssekta. Auk þess getur orðalag eins og „að teknu tilliti til lögbundinna tímafresta“ og „tækifæri til að koma að ábendingum og athugasemdum áður en teknar eru ákvarðanir“ verið til þess fallið að valda óvissu um meðferð þessara mála, hvar ákvarðanir skuli teknar og aðkomu fjármálaeftirlitsnefndar á hverjum tíma.

Með vísan til framangreinds telur Seðlabanki Íslands nauðsynlegt að breyta þeirri tillögu sem birtist í 2. másl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins og leggur til að ákvarðanir í þessum tilteknu málum, sem þar eru talin upp, verði kynntar fjármálaeftirlitsnefnd. Seðlabankinn leggur því til að 2. másl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Seðlabankinn skal upplýsa fjármálaeftirlitsnefnd um ákvarðanir í eftirfarandi málum:

- a. ákvörðunum sem varða könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja sem teljast kerfislega mikilvæg,
- b. veitingu eða synjun starfsleyfis til eftirlitsskyldra aðila,
- c. afgreiðslu á tilkynningum um virka eignarhluti eftirlitsskyldra aðila,
- d. höfðun dómsmáls, áfrýjun eða kæru á niðurstöðu dómsmáls til æðri dómstóls í málefnum fjármálaeftirlits.

Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til á hlutverki fjármálaeftirlitsnefndar í frumvarpinu er einnig nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um gjaldeyrismál nr. 70/2021 til samræmis. Samkvæmt 11. gr. laganna skal fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands taka ákvarðanir samkvæmt V. kafla laganna sem ber heitið „Þvingunarúrræði og viðurlög“. Þá er kveðið á um að nefndin geti framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald sitt til að taka ákvarðanir sem ekki teljast meiri háttar. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til á hlutverki fjármálaeftirlitsnefndar í frumvarpinu er lagðar til eftirfarandi breytingar á 11. gr. laga um gjaldeyrismál:

Heiti 11. gr. verður Ákvarðanir fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands og greinin orðist svo:

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um eftirfarandi samkvæmt þessum kafla:

- a. álagningu stjórnvaldssekta,
- b. samkomulag um sátt þegar um fordæmisgefandi mál er að ræða,
- c. kæru til lögreglu vegna meintra brota gegn lögum,
- d. beitingu dagsekta til að knýja á um úrbætur.

Með breytingunni mun fjármálaeftirlitsnefnd taka nánar tiltekna ákvarðanir samkvæmt V. kafla laga um gjaldeyrismál og er sú afmörkun í samræmi við fyrirliggjandi tillögur til breytinga á 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, samanber 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Með breytingunum verður sama fyrirkomulag um ákvarðanatöku Seðlabanka Íslands um þvingunarúrræði og viðurlög á grundvelli laga um gjaldeyrismál eins og gildir samkvæmt öðrum lögum á fjármálamarkaði sem liggja til grundvallar eftirliti Seðlabankans.

Að öðru leyti en að ofan greinir styður Seðlabanki Íslands frumvarpið og framgang þess.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson  
seðlabankastjóri